

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 3 – 2022

Staður: Hvanneyri

Tími: Mánudagur 28. mars 2022 kl. 12:30

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Halldór Þorgeirsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson. Torfi Jóhannesson boðaði forföll.

Ragnheiður bauð nýjan fulltrúa nemenda, Þorvald Ragnar Þorbjarnarson, velkominn til starfa í háskólaráði. Tvö mál voru tekin fyrir í fundarsal (Akri) áður en haldið var í jarðræktarmiðstöð Lbhí til að hlýða á kynningu á deild Ræktunar og Fæðu.

1. Vinnuskylda akademískra starfsmanna: Fyrir liggur að setja reglur um starfsskyldur akademískra starfsmanna hjá Lbhí, sem mun svo verða vísað í m.a. í reglum um rannsóknamisseri sem eftir er að ganga frá. Jóhannes lagði fram innlegg til umræðu varðandi þetta efni, sem var rætt, og skal hér stiklað á stóru varðandi þá umræðu:

Í reglum um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, nr. 605/2006 með áorðnum breytingum, eru skilgreiningar á starfspáttum í meginflokkunum kennsla, rannsóknir og stjórnun. Undir liðnum 2.2. rannsóknir segir þar:

Kennarar og sérfræðingar njóta akademísks rannsóknafrelsis, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Deild eða stofnun eftir atvikum skilgreinir fræðasvið hvers kennara og sérfræðings. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar almenningi eftir því sem kostur er. Kennarar og sérfræðingar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna. Kennarar og sérfræðingar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknnum sínum og niðurstöðum þeirra.

Heimilt er í ráðningarsamningi að fela starfsmönnum sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa, sbr. 4. gr., að sinna þjónusturannsóknum á vegum stofnunar eða deildar. Þjónusturannsóknir geta komið í stað hluta almennrar rannsóknaskyldu og um þjónusturannsóknir gilda ekki ákvæði um rannsóknafrelsi.

Lbhí sinnir margvíslegum verkefnum sem geta talist þjónusturannsóknir, m.a. vegna samninga skólans við ráðuneyti landbúnaðar (ANR/MAR).

Ef reglur Lbhí væru alfarið sniðnar að reglum HÍ mætti hugsa sér að fela starfsmönnum sem eingöngu væru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa að sinna þessum þjónusturannsóknum. Hjá Lbhí er slík sundurgreining ekki raunin, akademískum starfsmönnum með kennsluskyldu eru falin þessi verkefni, án þess að það hafi verið skilgreint hvernig þau flokkast innan starfsskyldna. Rökréttara virðist því að sníða reglur Lbhí að raunveruleikanum þannig að þjónusturannsóknir séu flokkaðar á sama hátt og starfsskyldurnar rannsóknir, kennsla og stjórnun þannig að sveigjanleiki sé milli þessara fjögurra flokka um uppfyllingu vinnuskyldu. Þannig verði það starfshlutfall verndað/tryggt sem fer í þær rannsóknir sem lúta lögmálum akademísks rannsóknafrelsis, og jafnframt skerði það ekki möguleika akademískra starfsmanna á rannsóknaleyfum að hafa tekið að sér þjónusturannsóknir og/eða aukið álag í stjórnun tímabundið í stað hluta af kennsluskyldu.

Ekki verður séð annað en að hákólaráði sé heimilt, að fenginni umsögn deilda og háskólafundar, að sníða reglur um starfsskyldur þannig að þeim raunveruleika sem skólinn býr við. Í því sambandi er vert að hafa í huga að í Matskerfi opinberra háskóla eru störf akademískra starfsmanna metin út frá fjórum starfsþáttum, þ.e. rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu. Því er á margan hátt mjög örökrétt að reglur um starfsskyldur taki aðeins á þeim þremur fyrst tölðu.

Hákólaráð var sammála um að halda áfram mótun reglna um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Lbhí á þann hátt að sveigjanleiki verði milli þeirra hlutfalla starfa sem falla undir liðina kennsla, stjórnun, rannsóknir og þjónusturannsóknir en að starfshlutfall tengt rannsóknum sem lúta lögmálum akademísks rannsóknafrelsis verði með líkum hætti og kveður á um í reglum HÍ varðandi þann starfsþátt.

2. Tilfærsla starfsmenntanáms í garðyrkju: Nokkrar umræður urðu um stöðu yfirfærslunnar og mál því tengd. Í framhaldi af þeirri umræðu kom hákólaráð sér saman um eftirfarandi bókun:

Hákólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands fagnar því að nú sjái fyrir endann á tilfærslu kennara frá Lbhí til FSu svo samfella geti orðið í garðyrkjunámi og tengdum greinum og starf á haustmisseri 2022 geti hafist með eðlilegum hætti. Þar sem báðir aðilar munu í framtíðinni vera með starfsemi á Reykjum er mikilvægt að gott samstarf verði um nýtingu og uppbyggingu staðarins með stuðningi Ríkiseigna. Þá leggur hákólaráð áherslu á að samlegðaráhrif kennslu og rannsókna verði nýtt sem best bæði með tilliti til nýtingar eigna og starfsmannahalds.

3. Heimsókn Háskólaráðs í Jarðræktarmiðstöð

Hákólaráð heimsótti Jarðræktarmiðstöð Lbhí. Deildarforseti R&F kynnti stefnu deildar og fulltrúar deildarinnar kynntu fjölbreytt rannsóknaverkefni á sviði jarðræktar og garðyrkju. Háskólaráð þakkar kærlega fyrir góðar móttökur og fróðleg erindi.